

Ár 2021, föstudaginn 9. september, er fundur haldinn í aga- og úrskurðarnefnd KSÍ á skrifstofu Knattspyrnusambands Íslands í Laugardal, Reykjavík, af nefndarmönnum Björgu Ástu Þórðardóttur, Gunnari Guðmundssyni og Þresti Ríkharðssyni.

Fyrir er tekið málið nr. 3/2021:

KSÍ
gegn
Reyni Hellissandi og Ara Bent Ómarssyni

Gögn málsins liggja frammi. Er nú í nefndinni kveðinn upp svofelldur

ÚRSKURÐUR:

I.

Aðilar máls:

Kærandi:

KSÍ

Fyrirsvarsmaður: Klara Bjartmarz

Kærði:

Reynir Hellissandi

Fyrirsvarsmaður: Michael Gluszuk

II.

Málsatvik:

Aga- og úrskurðarnefnd KSÍ barst greinargerð frá framkvæmdastjóra KSÍ þann 12. maí 2021, í samræmi við 19. gr. laga KSÍ. Fram kemur í greinargerð framkvæmdastjóra að málið varði meint brot forystumanns Reynis H. á grein 15.1. í reglugerð KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga. Grein 15.1. er svohljóðandi:

Tilkynning um félagaskipti er jafnframt yfirlýsing um, að allir undirritaðir skuldbindi sig til að hlíta gildandi lögum KSÍ, UEFA og FIFA og reglugerð þessari. Á tilkynningunni skal koma fram nafn og kennitala leikmanns og upplýsingar um hvort hann hefur verið samningsbundinn á undanförunum 3 árum og þá hvar, hvernig og hvenær hann var það síðast, félags þess sem hann er í, félags þess sem hann óskar eftir að ganga í, dagsetning tilkynningarinnar og staðfesting þessara þriggja aðila með undirritun. Við félagaskipti leikmanna yngri en 18 ára þarf jafnframt að fylgja undirritun forráðamanns leikmannsins. KSÍ skal útbúa og leggja til eyðublað og/eða aðferð til tilkynningar um félagaskipti. Félög eða félagsdeildir verða við félagaskipti eingöngu skuldbundin af framkvæmdastjóra, stjórnarmönnum eða þeim aðila sem félagið veitir slíkt umboð.

Þann 10. maí sl. hafi borist til skrifstofu KSÍ yfirlýsing um félagaskipti Dominik Bajda úr Snæfelli í Reynir H. Hafi yfirlýsing um félagaskipti leikmannsins verið afgreidd af skrifstofu samdægurs og keppnisleyfi gefið út til Reynis H. Síðar sama dag hafi skrifstofu KSÍ borist upplýsingar frá forystumanni Snæfells, sem hafi átt að hafa staðfest félagaskipti Dominik f.h. Snæfells, um að hann hafi í raun ekki ritað nafn sitt því til staðfestingar. Þess í stað hafi forystumaður Reynis H., Ari Bent Ómarssonar ritað nafn Elvars Más Eggertssonar forystumanns Snæfell á yfirlýsingu um félagaskipti fyrir Dominik. Hafi nafn forystumanns Snæfell því verið vísitandi falsað á yfirlýsingu um félagaskipti Dominik Bajda úr Snæfelli í Reynir H.

Í samræmi við 40. gr. laga KSÍ getur viðurlögum við brotum á lögnum og reglugerðum KSÍ bæði verið beitt gagnvart félögum og/eða einstaklingum. Framkvæmdastjóri hafi því ákveðið í samræmi við grein 19.2. í lögum KSÍ að vísa meintu broti forystumanns Reynis H. til aga- og úrskurðarnefndar KSÍ. Það sé ósk framkvæmdastjóra að nefndin taki málið til skoðunar og ákvarði hvort beita skuli viðurlögum í samræmi við lög KSÍ og/eða reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál.

Í greinargerð sem barst aga- og úrskurðarnefnd KSÍ þann 17. maí frá Reyni H. kom eftirfarandi fram:

„Við í stjórn mfl. UMF Reynis Hellissandi tókum ákvörðun í apríl að skrá lið í 4. deild Íslandsmóts og var undanfari þess að Kári Viðarsson spilandi hjálfari liðsins og eigandi Frystiklefans Rífi vildi gera heimildarmynd um „fyrsta heimaleikinn“ mfl. UMF Reynis. Völlurinn sem staðsettur er á Hellissandi var vígður árið 1994 þar sem meðal annars undirritaður tók þótt í að tyrfa langt fram á nótt þá 9 ára gamall. Síðan þá hefur ekki verið starfandi mfl. í knattspyrnu heldur fóru strákar og stelpur í HSH og síðar Víking Ólafsvík.

Vel gekk að fá leikmenn á öllum aldri til þess að taka þátt í verkefninu „fyrsti heimaleikurinn“ og ákveðið var að framlengja „ævintýrið“. Ljóst var að grasrótin var til staðar en það þyrfti reynslubolta til þess að styðja við unga efnilega stráka sem voru að banka á dyr mfl. Víking Ólafsvík. Ljóst var að mikilvægt var að hafa breiðan hóp af eldri reynslumeiri leikmönnum því að þeir bera ábyrgð gagnvart vinnu og fjölskyldulífs og mikilvægt því að dreifa leikjaálaginu. Má segja að þetta sé samfélagsverkefni og hafa margir foreldrar og þar, sér í lagi, mæður hrósað okkur fyrir að drífa unga stráka út á æfingar.

Reynsluleysi, stress, álag og dómgreindarleysi varð þess valdandi að ég gerði mistök og sé ég mikið eftir því og hef beðið Elvar, forsvarsmann Snæfells afsökunar á hvatvísi minni. Til þess að gera langa sögu stutta þá hef ég á liðnum vikum lent í því að fá lítil eða sein svör frá forsvarsmönnum félaga og var ég áhyggjufullur að ná ekki í tæka tíð að skila inn innan dagsetninga félagaskiptagluggans. Ég hef sent töluvpóst á félagaskipti@ksi.is þar sem forsvarsmenn óska þess beinlínis að ég skrifi undir fyrir viðkomandi. En ég hef ekki gert það nema í leyfisleysi þetta eina skipti (10. maí). Ég hef velt því fyrir mér hve mörg félagaskipti fari fram í neðri deildum (leikmenn utan samnings) ári hverju og hvort hægt væri að nýta rafræn skilríki. Tek ég það fram að ég er ekki

að draga úr mistökum mínum heldur varpa þeirri spurning um hvort að hægt sé að nútímavæða aðferðafræðina.

Ég vona að aga- og úrskurðanefnd taki til greina að umræddur leikmaður var ekki sammingsbundinn Snæfelli og hafði hann æft hjá UMF Reyni í vetur og að það var enginn meintur brotavilji á bakvið ákvörðun mína heldur reynsleysi, hvatvísi og dómgreindarbrestur. Ég hef lært mikið á því að taka þátt í félagsstarfi sem þessu og vonandi verður áfram blómlegt æskulýðsstarf í dreifðari byggðum landsins.“

III.

Niðurstaða:

Málið varðar þá háttsemi forystumanns Reynis Hellisandi (Reynir H.), Ara Bent Ómarssonar, að falska undirritun forystumanns Snæfells, Elvars Más Eggertssonar á yfirlýsingu um félagaskipti Dominik Bajda úr Snæfelli í Reynir H. Í greinargerð framkvæmdastjóra KSÍ var háttsemin heimfærð undir grein 15.1 í reglugerð KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga. Í svarbréfi Ara Bent Ómarssonar gengst hann við brotinu og teljast því sakargiftir í málinu óumdeildar.

Valdsvið aga- og úrskurðarnefndar

Við mat á valdsviði aga- og úrskurðarnefndar í málinu ber til þess að líta að framkvæmdastjóri beindi erindi sínu til nefndarinnar með vísan til greinar 19.2 í lögum KSÍ en þar segir að framkvæmdastjóri KSÍ geti vísað brotum aðila á lögum KSÍ, reglugerðum KSÍ og leikreglum til aga- og úrskurðarnefndar KSÍ til úrskurðar. Nefndin getur samkvæmt grein 31.3 í lögum KSÍ tekið ákvörðun um viðurlög samkvæmt lögum KSÍ, reglugerðum KSÍ og aga- og úrskurðarreglum KSÍ gegn m.a. aðildarfélögum og forráðamönnum sem eru innan vébanda aðildarfélaga KSÍ. Nefndin starfar samkvæmt aga- og úrskurðarreglum KSÍ, sbr. grein 31.2.

Um valdsvið aga- og úrskurðarnefndar KSÍ er síðan fjallað nánar í grein 2.1 í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál en þar segir að nefndin skuli hafa lögsögu yfir þeim málefnum sem koma upp innan vébanda Knattspyrnusambands Íslands og varða lög og reglur þess eftir því sem við á. Segir ennfremur að öll aga- og úrskurðarmál innan vébanda skulu rekin fyrir aga- og úrskurðarnefnd KSÍ nema þau séu sérstaklega falin öðrum úrskurðaraðilum skv. lögum og reglugerðum KSÍ. Í máli þessu reynir á brot á reglugerð um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga en markmið þeirra reglna er að tryggja skýrar og afmarkaðar reglur um félagaskipti leikmanna, sbr. 2. gr. Samninga- og félagaskiptanefnd, sem skipuð er af stjórn KSÍ í samræmi við grein 21.1 í lögum KSÍ, hefur eftirlit með félagaskiptum leikmanna og samningum leikmanna við aðildarfélög KSÍ, sbr. grein 29.1 í lögum KSÍ. Nefndin starfar samkvæmt nefndri reglugerð KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu félaga og leikmanna.

Í grein 23.1 í reglugerð KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu félaga og leikmanna er fjallað um hlutverk nefndarinnar en þar segir að „ef ágreiningismál kemur upp milli félags og leikmanns vegna túlkunar á sammingsatriðum skal nefndin leysa úr ágreiningi aðili.“ Þegar um ágreining er á milli íslenskra félaga

við félagaskipti, m.a. um greiðslur o.fl., skal samkvæmt grein 23.2 leggja ágreining fyrir samninga- og félagaskiptanefnd. Samninga- og félagaskiptanefnd tekur einnig á öðrum málum þar sem ákvæði reglugerðar þessar eða annarra reglugerða KSÍ heimila málskot til hennar, sbr. grein 23.2.

Í þessu máli reynir hvorki á ágreining milli félags og leikmanns, í skilningi greinar 23.1, eða milli félaga, í skilningi greinar 23.2 en málsmeðferð slíkra mála er skýrt afmörkuð í grein 23.1, sbr. gr. 23.1.1. til 23.1.4. Ekki fæst heldur séð að í máli þessu reyni á ágreining um brot ákvæðum reglugerðarinnar sem sérstaklega er falin samninga- og félagaskiptanefnd með vísan til greinar 23.2 enda byggist málskotið á 19.2 gr. laga KSÍ en það ákvæði felur í sér almenna og víðtæka heimild framkvæmdastjóra KSÍ til að vísa brotum aðila á lögum, reglugerðum og leikreglum KSÍ til aga- og úrskurðarnefndar KSÍ til úrskurðar. Telst því aga- og úrskurðarnefnd bær til að fjalla um málið enda hefur málið ekki sérstaklega verið falið samninga- og félagaskiptanefnd. Til þess ber jafnframt að líta að úrskurðir samninga- og félagaskiptanefndar eru endanlegir og bindandi fyrir málsaðila og verður ekki áfrýjað eða skotið til aga- og úrskurðarnefndar KSÍ, áfrýjunardómstóls KSÍ eða annarra dómstóla innan íþróttahreyfingarinnar sem er undantekning frá þeirri meginreglu um áfrýjunarheimild málsaðila, t.a.m. á úrskurðum aga- og úrskurðarnefndar í kærumálum sem í öllum tilvikum er heimilt að áfrýja til áfrýjunardómstóls KSÍ, sbr. grein 16.1 í reglugerð um aga- og úrskurðarmál. Ber því að túlka valdheimildir aga- og úrskurðarnefndar að þessu leyti með rúmum hætti, leiki vafi á valdheimild nefndarinnar í einstaka málum.

Fölsun undirskriftar

Samkvæmt grein 15.1 telst tilkynning um félagaskipti yfirlýsing um, að allir undirritaðir skuldbindi sig til að hlíta gildandi lögum KSÍ, UEFA og FIFA og reglugerð þessari. Með tilkynningunni skal koma m.a. fram staðfesting leikmanns, þess félags sem hann er í og þess félags sem hann óskar eftir að ganga í. Svo segir að félög eða félagsdeildir verða við félagaskipti eingöngu skuldbundin af framkvæmdastjóra, stjórnarmönnum eða þeim aðila sem félagið veitir slíkt umboð. Í grein 15.2 er tilgreint í hverju staðfesting á tilkynningu um félagaskipti lýsir. Segir þar að félag leikmannsins lýsir því yfir að leikmaður fullnægi öllum skuldbindingum sínum gagnvart félaginu og sé heimilt að skipta yfir í nýja félagið. Þegar tilkynning um félagaskipti er fullfrágengin, undirrituð af leikmanni, félagi sem gengið er úr og félagi sem gengið er í, auk þess sem skráningargjaldið er greitt skal gefa út keppnisleyfi sem tekur gildi með nýju félagi, næsta dag eftir að öllum ofangreindum formsatriðum hefur verið fullnægt, sbr. grein 15.3.

Ríkar kröfur eru gerðar í reglugerð til formkrafna tilkynninga um félagaskipti enda réttaráhrif slíkrar tilkynningar þau að KSÍ ber að gefa út keppnisleyfi. Mikilvægt er að slíkar tilkynningar séu skýrar og enginn vafi leiki á um lögmati þeirra enda réttaráhrif þess að félagaskipti eru framkvæmd með ólögmatum hætti mikil. Hér ber til þess að líta hér er um að ræða fölsun við útfyllingu á eyðublaði sem KSÍ leggur til og leggur grunn að félagaskiptum. Ekki er sérstaklega fjallað um hvaða refsing liggur við slíku en líta ber til alvarleika brotsins þar sem það dregur úr því trausti sem ríkja þarf um félagaskipti innan KSÍ.

Í grein 11.1 í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál er að finna upptalningu á því hvað aga- og úrskurðarnefnd getur m.a. kveðið á um í kærumálum, þ.m.t. er heimild til að svipta aðila rétti til að gegna trúnaðarstörfum innan knattspyrnuhreyfingarinnar. Hér ber til þess að líta að það varðar þjálfara eða forystumann félags sem stuðlar að því að nafn eða kennitala sé fölsuð í leikskýrslu leikbanni eða banni frá stjórnunarstörfum í knattspyrnu í allt að eitt ár, sbr. grein 36.4 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót.

Í ljósi alvarleika brotsins og þess að keppnisleyfi hafi verið gefið út af hálfu KSÍ byggt á fölsuðum gögnum telur aga- og úrskurðarnefnd rétt líta til þeirra viðurlaga sem gilda um fölsun leikskýrslna og leggja bann við því að Ari Bent Ómarsson gegni stjórnunarstörfum í knattspyrnu í sex mánuði. Auk þess skal Reynir Hellissandi sæta sekt að upphæð kr. 100.000,- vegna brotsins. Bann Ara Bent Ómarssonar frá stjórnunarstörfum tekur gildi við uppkvaðningu úrskurðar.

IV.

Úrskurðarorð:

Reynir Hellissandi skal sæta sekt að upphæð kr. 100.000,- til KSÍ. Ari Bent Viðarsson skal sæta banni frá stjórnunarstörfum í sex mánuði.

Um Áfrýjun:

Samkvæmt grein 16.3. í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál er frestur til að áfrýja máli til áfrýjunardómstóls KSÍ 3 dagar frá því að úrskurður aga- og úrskurðarnefndar er kveðinn upp og skulu almennir frídagar ekki taldir með.

Björg Ásta Þórðardóttir [sign]

Gunnar Guðmundsson [sign]

Þröstur Ríkharðsson [sign]